

Formannafundur ÍBA, haldinn í Íþróttahöllinni fimmtudaginn 3.júní 2010kl. 18.



Mætt voru:

Stjórn ÍBA: Haukur Valtýsson, Magnús Gauti Gautason, Ármann Ketilsson og Margrét Ólafsdóttir sem ritaði fundargerðina. Hörður og Þröstur boðuðu forföll.

ÍBA: Þóra Leifsdóttir

SA: Sigurður Sigurðsson

SA: Björn Snær

GA: Rúnar Antonsson

KA: Tryggvi Gunnarsson, Gunnar Jónsson

KKA: Þorsteinn Hjaltason

FIÁK: Birna Ágústsdóttir

Draupnir: Birna Blöndal

TBA: Snæfríð Egilson

UFA: Þuríður S. Árnadóttir

Sundfélagið Óðinn: Halla Halldórsdóttir

SKA: Hildigunnur Svavarsdóttir

Varaformaður setti fundinn og hóf dagskrá.

1. ÍBA á aðalfundi félaga

Í BA óskar eftir að fá tilkynningu frá félögum um aðalfundi svo fulltrúi geti sótt fundina.

2. Samskiptasamningur

ÍBA vekur athygli félaganna á samstarfssamningi um íþróttamál milli Akureyrarbæjar og íþróttafélaganna og fram kom hjá varaformanni að stefnt er að því að fara yfir hann með nýju íþróttaráði. Þeim félögum sem eru með rekstrarsamning eru hvött til að fylgja honum eftir en þau eru m.a. skyldug til að gera grein fyrir fjárhagslegri stöðu samkvæmt honum.

3. Ýmsar upplýsingar frá félögum

Þóra var með lista yfir félögin og upplýsingar um tengiliði sem hún óskaði eftir að fulltrúar félaganna færðu inn breytingar t.d. í stjórnnum og netföngum. Félögin eru hvött til þess að vera dugleg að færa upplýsingar inn í Felix en óskað hefur verið eftir að námskeið verði haldið í Felix. Þóra hvatti einnig félögin til þess að senda ársreikningana inn.

Stefnt er að því að auka samskiptin við félögin og brýnt var fyrir öllum að vera duglegri að miðla upplýsingum innan síns félags og svara póstum. Einnig er stefnt að því að haldið verði námskeið í haust til kynningar á íþróttamálum heilt yfir.

4. Fyrirlestur „Þín heilsa, þín ábyrgð“

Sonja Sif Jóhannsdóttir frá TM var með mjög áhugaverðan fyrirlestur um samspil heilsu, mataræðis og hreyfingar. Hún sagði m.a. frá könnun sem hún gerði meðal sjómanna sem sýndi afgerandi niðurstöður um þetta samspil og gildi eftirfylgni og hvatningar. Haukur þakkaði Sonju yfir ráhugaverðan fyrirlestur.

5. Önnur mál

Vinnu við tímaúthlutanir í íþróttahúsum er að ljúka í júní. Breytingar og tilfærslur hafa átt sér stað aðallega vegna þess að Giljaskóli hefur bæst við. Fram kom að ekkert hefur verið sent út um þessar úthlutanir en ef áhugi fyrir hendi, þarf að senda inn umsóknir til ÍBA.

Næsti formannafundur verður haldinn í haust.

Fleira var ekki rætt og fundi var slitið kl.19.10